

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 129/1999 um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá. Skráin tekur til smitsjúkdóma og bólusetninga (ónæmisaðgerða), sbr. reglugerð um bólusetningar á Íslandi. Gæta skal fyllsta trúnaðar um allar einkalífsupplýsingar sem fram koma í smitsjúkdómaskrá og gilda um skrána sömu reglur og aðrar sjúkraskrár. Ítrustu varúðar skal gætt við meðferð, vörslu og sendingu upplýsinga um tilkynningaskylda sjúkdóma.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. orðast svo:

Læknum og hjúkrunarfræðingum er skylt að skrá í sjúkraskrá, samkvæmt nánari fyrir-mælum sóttvarnalæknis, allar bólusetningar sem þeir framkvæma. Læknar tilkynna sóttvarna-lækni um bólusetningar sem gerðar hafa verið.

3. gr.

4. gr. orðast svo:

4. gr.

Skráningarskyldir sjúkdómar.

Skráningarskyldir sjúkdómar eru:

afbrigðilegar berklasýkingar	kláðamaur
bráður niðurgangur	lungnabólga
condyloma genitalis	Lyme sjúkdómur (borreliosis)
eyrnabólga	matareitrun af völdum sýkla eða eitrefna þeirra
flatlús	mýrarkalda (malaria)
hálsbólga	njálgur
heilabólga (encephalitis/ meningoencephalitis)	psittacosis ristill (herpes zoster)
heilahimnubólga af völdum sýkla	skarlatssótt
heilahimnubólga af óþekktum toga	streptókokkahálsbólga
hlaupabóla	toxóplasmasyking
höfuðlús	þvagrásarbólga af óþekktri orsök
inflúensa	

4. gr.

5. gr. orðast svo:

5. gr.

Tilkynningaskyldir sjúkdómar.

Tilkynningaskyldir sjúkdómar eru:

barnaveiki	lifrabólga A
berklar	lifrabólga B
bótúlismi	lifrabólga C

Creutzfeldt Jacob veiki og afbrigði hennar	lifrabólga E
enterohemorrhagisk E. coli sýking	lifrabólga vegna annarra veira
giardiasis	linsæri
gulusótt	listeríusýking
hettusótt	lömunarveiki
HIV-sýking	meningókokkasjúkdómur
holdsveiki	miltisbrandur
hundaæði	mislingar
kampýlóbactersýking	rauðir hundar
kíghósti	salmonellusýking
klamydíusýking	sárasótt
kólera	sígellusýking
legíónellusýking	stífkrampi
lekandi	svarti dauði

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr., sbr. 3. gr., sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingu, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 9. mars 2001.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.